

Nd.

412. Nefndarálit

[152. mál]

um frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. mjög rækilega og haft jafnframt til athugunar reglugerð um nýja lánaflokka stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, sem gefin var út 14. jan. 1961, samkvæmt bráðabirgðalögum frá 5. jan. s. l., sem frv. þetta er til staðfestingar á.

Nefndarmenn eru í meginatriðum samþykkir frv. Þó hafa ýmis atriði komið til álita og sumir nefndarmenn viljað ganga lengra en þessu frv. hefur verið ætlað, en það er í aðalatriðum að breyta stuttum lánnum og lausaskuldum í viðskiptabönkum fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu, í lengri lán hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins.

SkG mun skila séráliti. Einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum og munu í því sambandi gera grein fyrir sérstöðu sinni. Þó hafa nefndarmenn sameiginlega afstöðu til breytingartillagna, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali og hníga að því að skilgreina nánar ákvæði frv. og taka af tvímæli.

Alþingi, 22. febr. 1961.

Birgir Kjaran,
form.

Jóhann Hafstein,
frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Lúðvík Jósefsson.